

Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: Bæjarráð
Varðandi: Valdimar Birgisson

Nr. erindis 201903119/13.1.0
Dags.: 18. mars 2019
Málefni: Tillaga Viðreisnar um úttekt
Afrit: Engin

Bæjarráð Mosfellsbæjar óskaði á 1390. fundi sínum eftir umsögn framkvæmdastjóra umhverfissviðs um svohljóðandi tillögu Viðreisnar:

„Lagt er til að umhverfissviði Mosfellsbæjar verði falið að láta gera ítarleg úttekt á öllu húsnæði Varmárskóla í þeim tilgangi að athuga hvort frekari rakaskemmdir séu þar að finna og þá mögulega örveruvöxtur.“

Yfirlit yfir stöðu viðhaldsframkvæmda í Varmárskóla frá júlí 2017 til janúar 2019

Í júní 2017 framkvæmdu fulltrúar Eflu sjónskoðun á húsnæði Varmárskóla að ósk skólastjórnenda og bentu á atriði sem væri vert að skoða nánar og æskilegar úrbætur.

Það efni barst skólanum í formi minnisblaðs í júlí sama ár en á sama tíma áttu sér stað margháttáðar viðhaldsframkvæmdir á húsnæðinu sem m.a. tóku á hluta þeirra ábendinga sem Eflu setti fram í sínu minnisblaði (sjá nánar í töflu 1 hér að neðan).

Í lok júlí og byrjun ágúst 2017 farið í aðgerðir þar sem veggur við stofu 216 eldri deild var þéttur að utan og lögð ný drenlagn við plötuskil sem var metin orsök leka að utan.

Í sjónskoðun Eflu frá júlí 2017 komu fram ábendingar um nokkra staði í húsum Varmárskóla þar sem að grunur lék á um að finna mætti örveruvöxt og var því fylgt eftir í viðhaldsáætlun Varmárskóla 2018 eftir að vinnu lauk við að koma í veg fyrir leka.

Sumarið 2018 var unnið að viðgerðum á grunni gildandi viðhaldsáætlunar og samhliða var Eflu falið að gera rakamælingar og taka sýn á þeim fimm stöðum sem nauðsynlegt var talið að rannsaka nánar. Í kjölfarið var farið í framkvæmdir á þessum stöðum og lauk þeim í september 2018. Loks var Eflu falið að leggja mat á árangur af framkvæmdunum að hæfilegum tíma loknum.

Þann 22. febrúar 2019 skilaði Elfla verklokaskýrslu vegna þessa verkefnis þar sem fram kemur það mat Eflu að viðgerðum sé lokið með fullnægjandi hætti á þeim stöðum sem unnið var í.

Hér að neðan (í töflu 1) gefur að líta heildaryfirlit og tímasetningar framkvæmda í yngri og eldri deild Varmárskóla vegna raka í húsnæði skólans.

Heildaryfirlit og tímasetningar framkvæmda í eldri og yngri deild Varmárskóla vegna raka í húsnæði skólans				
2017	2018	2019	Framkvæmd	Eftirlit með framkvæmd
Júlí			Veggur við stofu 216 eldri deild þéttur að utan og lögð ný drenlög	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
Júlí			Þétting á þaki í austurálmum yngri deildar skipt um loftaplötur.	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
Júlí			Gert við leka í hátíðarsal yngri deildar.	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
Ágúst			Þétting á þakglugga í matsal 2. hæð yngri deild.	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
Ágúst			Málun í stigagangi vesturálmum við stofu 109.	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Mars-júlí		Endurglerjun og þétting allra glugga austurhlíð yngri deildar.	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Mars-ágúst		Endurglerjun og þétting allra glugga á austurhlíð eldri deildar.	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Júlí		Endurnýjaðir sólbekkir þar sem þurfti í yngri deild.	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Júní-júlí		Gert við eftir lagna leka í anddyri eldri deildar, fundaraðstöðu og	Efla / umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Ágúst		Endurnýjað þak yfir starfsmannaanddyri yngri deildar.	Efla / umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Ágúst		Gert við gluggapósta í starfsmannaanddyri yngri deildar.	Efla / umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Ágúst		Loft í tengigangi eldri deildar endurnýjað að hluta.	Efla / umhverfissvið Mosfellsbæjar
	September		Gólfdukur og þússning fjarlægð að hluta í stofu 216 eldri deild.	Efla / umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Október		Þak yfir stigagangi fyrir framan stofu 109 endurnýjað í yngri deild	Efla / umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Október		Þak yfir vesturálmum yngri deildar yfirfarið og bætt við skrúfum.	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Nóvember		Gert við og endurnýjað að hluta þak yfir austurálmum yngri deildar	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Nóvember		Skipt um loftaplötur í austurálmum.	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Nóvember		Steinslípað og endurmálað í stigagangi yngri deildar fyrir framan	Umhverfissvið Mosfellsbæjar
	Janúar		Gólfdukur fjarlægður í stigagangi yngri deildar fyrir framan stofu	Efla / umhverfissvið Mosfellsbæjar

Tafla 1

Hjá viðhaldsdeild eignasjóðs Mosfellsbæjar er raki eða leki í húsnæði bæjarins ávallt í fyrsta forgangi og brugðist við slíku strax, bæði til þess að uppræta eða stöðva leka og í kjölfarið að skipta út þeim byggingarefnum sem kunna að hafa skemmst. Nú sem fyrr er fylgst reglubundið með húseignum Varmárskóla og ekki hafa komið fram lekar í húsnæðinu frá verklokum í september 2018. Í viðhaldsáætlun Varmárskóla fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að nokkrum verkefnum eins og að endurnýja þak á elstu álmum yngri deildar Varmárskóla. Það er sameiginlegt verkefni allra þeirra sem að þessum málum koma hjá Mosfellsbæ að tryggja góða innivist og vinnuumhverfi í öllum stofnunum bæjarins.

Tillaga að næstu skrefum

Í ljósi þess að þrátt fyrir ofangreinda vinnu eru enn uppi efasemdir í skólasamfélaginu í Mosfellsbæ um að nóg sé að gert telur umhverfissvið Mosfellsbæjar rétt að farið verði í það verkefni að skoða húsnæði Varmárskóla enn frekar með loftgæðamælingum og heildstæðri úttekt.

Virðingarfyllst,
 Jóhanna Björg Hansen
 framkvæmdastjóri umhverfissviðs